

05-4

Við stöndum hér framan við Sjónvarpshúsið til að mótmæla þeirri ákvörðun Útvarpsráðs að útiloka fulltrúa Samtaka um kvennalista frá lokaumræðum kosningabaráftunnar. Þegar kjósendum gefst síðasta tækifærið fyrir kosningar til að hlýða á málflutning frambjóðenda, mun rödd kvenna ekki hljóma þeirra á meðal.

Meðferð Útvarpsráðs á máli þessu er skýrt dæmi um þá miðstýringu og flokkseinræði þeirra aðila sem setið hafa á þingi. Pólitísku flokkarnir réða ekki aðeins yfir þeim dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi, heldur tryggja þeir einnig völd sín í ríkisfjölmiðlunum með setu í Útvarpsráði, og snúa bökum saman þegar þeirra hagsmunir eru í húfi. Þeir reyna eins og þeir geta að gera nýjum framboðum erfitt fyrir í alla staði, og víla jafnvel ekki fyrir sér lögbrot í þeim tilgangi. Við teljum ákvörðun Útvarpsráðs brot á Útvarpslögum og bendum á að réttur kjósenda til að kynna sér skoðanir allra framboðsaðila er freklega brotinn þegar sveinafjöld flokkanna mæta til leiks í kvöld í sjónvarpssal.

Kvennalistarnir bjóða fram í þremur stærstu kjördænum landsins þar sem búa um 72% kjósenda. Það er móðgun við þessar kjósendur að frambjóðendur skuli ekki sitja allir við sama borð. Því mótmælum við.

Samtök um kvennalista